

## AUGLÝSING

**um óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi  
fyrir Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells, Borgarbyggð.**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells. Í breytingunni felst að afl virkjunar breytist úr 1000 kW í 1150 kW vegna breytinga á hverflum virkjunarinnar. Engar framkvæmdir fylgja breytingu deiliskipulagsins, umfram þær sem getið er í gildandi deiliskipulagi. Byggðarráð, í umboði sveitarstjórnar, samþykkir að auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda óverulega breytingu á deiliskipulagi Urðarfellsvirkjunar. Engar athugasemdir bárust sveitarfélaginu eftir grenndarkynningu. Deiliskipulagsbreyting hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Borgarnesi, 8. janúar 2018.*

**Gunnlaugur A. Júlíusson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2018